

Yfirlit af vettvangi Evrópusamstarfs í Brussel

Tilgangur þessa yfirlits er að veita Alþingi upplýsingar um ýmis mál sem eru til umfjöllunar á vettvangi Evrópusamstarfsins í Brussel og varða Ísland með beinum eða óbeinum hætti, hvort sem í gegnum EES-samninginn, Schengen-samstarfið um innanríkis- og dómsmál eða önnur samstarfssvið, s.s. á sviði utanríkismála. Yfirlitið er birt á vefsíðu utanríkisráðuneytisins og er því einnig aðgengilegt hverjum þeim sem áhuga hafa á samskiptum Íslands við ESB. Stiklað er á einstökum málefnum og eftir atvikum fylgja krækjur í nánari umfjöllun erlendra miðla. Hafa ber í huga að yfirlitið er ekki tæmandi um þau málefni sem til umfjöllunar eru á hverjum tíma.

Meginhlutverk sendiráðs Íslands í Brussel er að taka þátt í rekstri EES-samningsins og Schengen af Íslands hálfu. Sendiráðið sinnir hagsmunagæslu gagnvart ESB, auk þess að eiga í margvíslegu samstarfi og samráði við stofnanir sambandsins á ýmsum málefnaviðum, innan sem utan EES-samstarfsins. Sendiráðið fylgist einnig með þróun mála varðandi útgöngu Breta úr ESB (Brexit). Upplýsingar varðandi Brexit berast utanríkismálanefnd Alþingis frá utanríkisráðuneyti. Jafnframt er bent á umfjöllun í erlendum miðlum á vefsíðum sem eru gefnar upp neðst í þessu yfirliti.

Almennar fréttir af EES og öðru Evrópusamstarfi Íslands

Ráðherrar fjalla um gagnaakerfið á EES-ráðsfundi

Á EES-ráðsfundi þann 14. nóvember sl. ræddu ráðherrar um s.k. gagnahagkerfi (*data economy*). Eistar hafa í sinni formennsku innan ráðs ESB lagt mikla áherslu á stafræn málefni og var þetta umræðuefni í takt við það. Sven Mikser, utanríkisráðherra Eistlands, mælti fyrir hönd ESB. Hann kom meðal annars inn á breytingar á Evrópulöggjöf sem miða að því að á innri markaði Evrópusambandsins verði möguleikar gagnahagkerfisins nýttir til fullnustu um leið og gætt er að öryggisatriðum. ESB hefur þegar sett nýja reglugerð um persónuvernd og er unnið að því að taka hana upp í EES-samninginn. Hjá ESB eru nú til meðferðar drög að reglum um frjálst flæði gagna sem ekki teljast til persónuupplýsinga. Guðlaugur Þór Þórðarson, utanríkisráðherra Íslands, lagði í máli sínu áherslu á að þótt Ísland standi framarlega í stafrænum málum, sé stöðugt leitað leiða til að gera betur. Hann studdi eindregið tilraunir til að draga úr ónauðsynlegum hindrunum í vegi gagnahagkerfisins á innri markaði Evrópu enda mikilvægt út frá vaxtarmöguleikum. Sjá nánar um EES-ráðsfundinn hér fyrir neðan.

Ný stjórn Eftirlitsstofnunar EFTA tekur við um áramótin

Ný stjórn Eftirlitsstofnunar EFTA, ESA, var skipuð þann 25. október sl. og tekur hún við um næstu áramót. Högni S. Kristjánsson, sem verið hefur fastafulltrúi Íslands í Genf, verður fulltrúi Íslands í stjórninni frá og með 1. janúar 2018 og tekur við af Helgu Jónsdóttur.

Forseti stjórnar ESA næstu tvö árin, frá 1. janúar 2018 - 31. desember 2019 verður

Bente Angell-Hansen, sem tekur sæti í stjórninni fyrir hönd Noregs. Frank J. Buchel, fyrir hönd Liechtenstein, hefur verið endurskipaður í stjórn ESA. Eftirlitsstofnun EFTA fylgist með því að EFTA-ríkin, sem eiga aðild að EES, uppfylli skyldur sínar samkvæmt EES-samningnum. Auk þessa almenna eftirlitshlutverks hefur eftirlitsstofnunin valdheimildir á sviði samkeppnismála, ríkisstyrkja og opinberra innkaupa.

Undirbúningur og mótun ESB-gerða

EFTA-ríkin í EES-samstarfinu senda skriflega umsögn um endurskoðun EES-gerða er varða öryggi bifreiða og vegfarenda.

EFTA-ríkin í EES-samstarfinu hafa sent framkvæmdastjórn ESB skriflega umsögn um endurskoðun á reglugerð 661/2009 um öryggi bifreiða og á reglugerð 78/2009 um öryggi vegfarenda. Þau fagna tillögu um að nýr búnaður og eiginleikar bifreiða sem draga eiga úr slysum og dauðsföllum í umferðinni verði nú lögboðin. Er það mat ríkjanna að leggja skuli áherslu á aðgerðir sem komið geta í veg fyrir dauðsföll og slys sem oft stafa af hinum mannlega þætti. Er hér átt við að aðstoða öikumenn við að halda sig við lögboðinn hámarkshraða, aka ekki undir áhrifum áfengis eða annarra vímuefna og að nota bílbelti. Þá er lögð áhersla á aðgerðir sem koma í veg fyrir algengustu umferðarslys í dag, svo sem árekstur tveggja bifreiða, akstur út af vegi sem og slys á gangandi vegfarendum. Slíkar ráðstafanir fela t.a.m. í sér sjálfkrafa neyðarhæmlun, viðvörunarrendur í vegum, loftpúða í bifreiðar og endurskinsmerkjanotkun vegfarenda. [Sjá umsögnina á vef EFTA-skrifstofunnar nánar.](#)

EFTA-ríkin í EES-samstarfinu senda skriflega umsögn um tillögu að reglugerð um eftirlitsaðila á sviði rafrænna fjarskipta (The Body of European Regulators for Electronic Communications, þ.e. BEREC):

EFTA-ríkin þrjú í EES hafa sent frá sér umsögn um tillögu að reglugerð um eftirlitsaðila á sviði rafrænna fjarskipta. Ríkin fagna þeim tillögum sem lagðar eru fram um endurskoðun á regluverki varðandi fjarskiptaþjónustu þar sem slíkt sé nauðsynlegur þáttur í áframhaldandi þróun stafræna innri markaðarins. Bæði tæknileg þróun jafnt og þróun á stafrænum innri markaði kallar á slíkar breytingar. Þá fagna EFTA-ríkin innan EES þeim tillögum sem lagðar eru fram að orðalagsbreytingum er varða þátttöku þriðju ríkja innan BEREC. Orðalagið um þátttöku þriðju ríkja er í samræmi við almenn ákvæði um þátttöku þriðju ríkja í fjölda ESB gerða, og samræmist áður útgefnum athugasemdum EFTA-ríkjanna innan EES. Einnig kemur fram að á meðan ríkin fagni breytingatillögu framkvæmdastjórnar ESB, hvetji þau Evrópuþingið og ráðið til að taka sömu afstöðu og tryggja að nýjar reglur um BEREC leggi grunn að fullnægjandi þátttöku EFTA-ríkjanna innan EES í stofnuninni. [Sjá umsögnina á vef EFTA-skrifstofunnar.](#)

Fréttir af fundum í Brussel

Fundur EES-ráðsins 15. nóvember 2017

Brexit var í kastljósinu þegar EES-ráðið fundaði í Brussel þann 15. nóvember, ekki síst út frá nauðsyn þess að tekið verði tillit til EFTA-ríkjanna innan EES í samningaviðræðum Evrópusambandsins og Breta. Guðlaugur Þór Þórðarson utanríkisráðherra tók þátt í fundinum fyrir Íslands hönd. Ráðherrar EFTA-ríkjanna í EES funduðu með Michel Barnier, aðalsamningamanni Evrópusambandsins í viðræðum um útgöngu Bretlands úr sambandinu, í tengslum við fundinn og lögðu þeir fram sameiginleg áhersluatriði ríkjanna þriggja; Íslands, Noregs og Liechtenstein.

Á EES-ráðsfundinum var að vanda rætt um hvernig framkvæmd samningsins um Evrópska efnahagssvæðið gangi. Í ár eru 25 ár síðan samningurinn var undirritaður og kom fram í máli utanríkisráðherra að grundvöllur EES-samstarfsins hafi haldist óbreyttur og að samningurinn væri einn af lykilþáttum íslenskrar utanríkisstefnu. Farsælega hefði tekist að aðlaga EES-samstarfið að breyttum aðstæðum og leysa úr þeim áskorunum sem mætt hafi samningsaðilum sl. aldarfjórðung. Sjá nánar í [fréttatilkynningu utanríkisráðuneytisins](#) og [niðurstöðuskjali EES-ráðsfundarins](#).

Fundur fjármálaráðherra ESB og EFTA-ríkjanna 7. nóvember 2017

Árlegur fundur fjármála- og efnahagsráðherra EFTA-ríkjanna með fjármálaráðherrum ESB ríkjanna var haldinn í Brussel 7. nóvember sl. Á fundinum var fjallað um um stöðu og horfur í efnahagsmálum innan ESB og í EFTA-ríkjunum. Benedikt Jóhannesson, þáverandi fjármálaráðherra Íslands sótti fundinn. Ráðherrar EFTA-ríkjanna í EES áttu einnig fund með Valdis Dombrovskis, úr framkvæmdastjórn ESB, þar sem fjallað var um innleiðingu EES gerða um eftirlit á fjármálamarkaði. [Sjá nánar](#) á vef EFTA-skrifstofunnar.

Fundur í sameiginlegu EES-nefndinni 27. október 2017

Sameiginlega EES-nefndin kom síðast saman þann 27. október sl. Gerðir sem teknar voru upp í EES-samninginn varða, t.d. reglur um veitingu umhverfismerkis ESB fyrir textílvörur, þ.m.t. fyrir fatnað sem inniheldur endurvinnanleg efni. Tekin var ákvörðun um breytingar á reglum er snúa að losun koltvísýrings í sjóflutningum. Reglurnar stuðla að því að ná markmiði innan Evrópu um minni útblástur gróðurhúsalofttegunda. Auk þess var ákvörðun tekin um breytingar á reglum er snúa að mati og stjórn á hljóðmengun. Samkvæmt niðurstöðum rannsókna framkvæmdastjórnar ESB er hljóðmengun eitt algengasta umhverfisvandamál innan Evrópu. [Sjá nánar](#) um fundinn á vefsíðu EFTA-skrifstofunnar.

Gagnlegar vefsíður

EFTA-skrifstofan: <http://www.efta.int/>

Eftirlitsstofnun EFTA: <http://www.eftasurv.int/>

Evrópuþingið: <http://www.europarl.europa.eu/portal/en>

Eistland í forsæti ráðs ESB: <https://www.eesistumine.ee/en>

Fréttir frá stofnunum ESB: https://europa.eu/newsroom/home_en

EU Observer: <https://euobserver.com/>

Politico: <http://www.politico.eu/>